

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgársveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Hörgársveitar hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á sorpgjald í sveitarfélaginu samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Sorpgjald heimila er kr. 71.500. Sorpgjald fristundahúsa er kr. 22.350, miðað við að þjónusta er ekki veitt að vetri til (1. október – 30. apríl). Sorpgjald búrekstrar er 145 kr. fyrir hverja sauðkind, 560 kr. fyrir hvert hross, 770 kr. fyrir hvert svín og 780 kr. fyrir hvern nautgrip.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í sveitarstjórn Hörgársveitar 18. nóvember 2024 er sett samkvæmt ákvæðum 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjaldskráin tekur þegar gildi og fellur á sama tíma úr gildi gjaldskrá nr. 1657/2023 fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgársveit.

Samkvæmt 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra veitt umsögn um ofangreinda gjaldskrá 13. desember 2024.

Hörgársveit, 13. desember 2024.

Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri.